

## REGLUGERÐ

### um próf í barna- og gagnfræðaskólum.

#### 1. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar sérstaka nefnd, prófanefnd, til þess að skipuleggja og sjá um samræmd próf í barna- og gagnfræðaskólum, þar með talið gagnfræðapróf, skólaárin 1973—'74 og 1974—'75 í samræmi við gildandi lög á þessum tíma.

#### 2. gr.

Prófanefnd skal þannig skipuð: Formaður, ritari og tveir fulltrúar fyrir hverja af eftirtöldum greinum: Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og skulu þeir vera sérfróðir um námsefni og kennslu þessara greina í barna- og gagnfræðaskólum. Auk áðurnefndra fastra fulltrúa í nefndinni skal skipa einn sérfróðan fulltrúa fyrir hverja þá grein aðra, sem próf taka til, og skal hann taka sæti í nefndinni, þegar próf í viðkomandi grein eru samræmd.

Formaður og ritari skulu fara sameiginlega með framkvæmdastjórn nefndarinnar. Skipa skal varamann formanns og ritara og er heimilt að kveðja þá til starfa með nefndinni. Ef nefndarmaður forfallast, skal ráðuneytið skipa annan í hans stað.

Heimilt er nefndinni að leita til námsmatssérfræðings um sérfræðilega ráðgjöf.

#### 3. gr.

Prófanefnd skal gera tillögur til ráðuneytisins um fjölda prófa, prófgreina, einkunnastiga og próftíma, sem samræmd próf taka til, og skulu þær tillögur berast ráðuneytinu við upphaf skólaárs.

#### 4. gr.

Prófanefnd skal til undirbúnings aðalprófum annast söfnun prófatriða, halda könnunarpróf og sjá um úrvinnslu þeirra eftir því sem hæfilegt þykir að mati nefndarinnar.

#### 5. gr.

Prófanefnd skal setja reglur um framkvæmd, úrvinnslu og einkunnagjöf samræmdra prófa, sem ráðuneytið ákveður að haldin skuli, þar með talin sjúkrapróf og próf, sem leyfð verða vegna ófullnægjandi árangurs á aðalprófi. Nefndarmenn skulu hver í sinni sérgrein annast samningu prófverkefna og matsreglna. Heimilt er formanni og ritara að fela öðrum sérfróðum aðilum einstök verkefni, ef ástæða þykir til, og skal það gert í samráði við hlutaðeigandi nefndarmenn.

Nefndin skal annast fjölrítun eða prentun og sendingu prófverkefna til skóla.

#### 6. gr.

Prófanefnd skal hafa náð samstarf við námsefnissérfræðinga og aðra þá, sem vinna að námsskrárgerð á vegum menntamálaráðuneytisins. Þá skal nefndin veita skólastjórum og kennurum svo og öðrum, sem þess óska, upplýsingar um námsefni, námsskrá og prófagerð, að því er varðar verksvið nefndarinnar.

#### 7. gr.

Prófanefnd skal ákvarða um úrtakskannanir og annast kynningu á prófniðurstöðum. Telji nefndin æskilegt að gerð sé önnur og meiri könnun á prófniðurstöðum en nauðsynlegt er vegna 1. málsgreinar, skal hún hafa samráð við menntamálaráðuneytið þar um.

**8. gr.**

Nefndin skal vera ráðgjafaraðili gagnvart ráðuneytinu um eftirfarandi:

1. Um skipun prófdómara og trúnaðarmanna við framkvæmd prófa, svo og um erindisbréf þeirra.
2. Ákvörðun um lágmarkseinkunnir á prófum til inngöngu í framhalds- og sérskóla.

**9. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, og lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, og öðlast hún þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 177/1970, um samræmt gagnfræðapróf, og reglugerð nr. 178/1970, um landspróf miðskóla, svo og önnur ákvæði um próf í barna- og gagnfræðaskólum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 4. október 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 219 18. nóvember 1971  
fyrir Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps.**

**1. gr.**

1. gr. orðist þannig: „Rafveita Reykjarfjarðarhrepps er fyrirtæki, sem Reykjarfjarðar- og Ögurhreppur reka í þeim tilgangi, að veita raforku um Ögur- og Reykjarfjarðarhreppa og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Ögur- og Reykjarfjarðarhreppa, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Rafveita Reykjarfjarðarhrepps og skal hún hafa sérstakt reikningshald“.

**2. gr.**

2. mgr. 2. gr. orðist þannig: „Orkuveitusvæði rafveitunnar er Ögur- og Reykjarfjarðarhreppar eða þeir hlutar þeirra eða nágrennis, sem hreppsnefndir kunna að ákveða og ráðherra samþykkir“.

**3. gr.**

3. gr. orðist þannig: „Yfirstjórn raforkumála Reykjarfjarðar- og Ögurhreppa er í höndum hreppsnefnda þeirra, en framkvæmdastjórn skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hún ræður að fengnu samþykki hreppsnefndanna og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem Rafmagnseftirlit ríkisins samþykkir. Í rafveitunefnd skulu eiga sæti 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Reykjarfjarðarhrepps og 2 menn kosnir af hreppsnefnd Ögurhrepps. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti“.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefndum Ögur- og Reykjarfjarðarhreppa, er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 3. september 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*